# AUGLÝSING

## um að fella úr gildi samkomulag um gagnkvæma tilkynningarskyldu varðandi geðveikissjúklinga.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík, 20. og 24. nóvember 1965, var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar um að fella niður samkomulag um gagnkvæma tilkynningarskyldu um geðveikissjúklinga frá 9. og 13. júlí 1923.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Reykjavík, 24. nóvember 1965.

**Emil Jónsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**Fylgiskjöl.**

Reykjavík, 24. nóvember 1965.

Herra ambassador,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku á orðsendingu yðar, dags. 20. nóvember 1965, þar sem lagt er til, að samningurinn milli Íslands og Svíþjóðar frá 9. og 13. júlí 1923, um gagnkvæma tilkynningarskyldu um geðsjúklinga, skuli felldur niður.

Sem svar við orðsendingu þessari leyfi ég mér að staðfesta, að ríkisstjórn Íslands fellst á þessa tillögu og ber að líta á orðsendingu yðar og svar þetta sem samkomulag um að fella samninginn niður.

Ég leyfi hér að votta yður virðingu mína.

**Emil Jónsson,**

utanríkisráðherra.

Ambassador Svíþjóðar herra Gunnar Granberg,
Reykjavík.

Reykjavik den 20 november 1965.

Herr Minister,

Genom noteväxling i Köpenhamn den 9 och 13 juli 1923 ingicks överenskommelse mellan Sverige och Island angående ömsesidigt utbyte av underrättelser beträffande sinnessjuka. Då något behov av sådant utbyte ej längre synes föreligga har jag på uppdrag av min regering äran föreslå, att, under förutsättning att Islands regering ansluter sig härtill, överenskommelsen sättes ur kraft genom denna skrivelse och det svar, som Eders Excellens behagade tillställa mig.

Mottag, Herr Minister, försäkran om min mest utmärkta högaktning.

Gunnar Granberg.

Herr Emil Jónsson,
Islands Utrikesminister.